

Yfirferð á lotu

Yfirferð lotu getur verið mikil vinna eða lítil eftir því hvaða tökum kennari tekur hana. Hægt er að fara yfir hvert eitt og einasta verkefni og leiðréttu allt en þá þarf kennari að bæta við sig mörgum klukkutímum í sólarhringinn. Þess vegna ætti að velja og hafna og láta yfirferðina ná yfir raunverulega stöðu nemenda. Kennari þarf að skipta yfirferðinni í þá þætti sem lotan nær yfir, s.s. ritun, stafsetningu, bókmenntir og fleira. Í hverjum þætti þarf að velja þau verkefni sem kennari kýs að fara yfir og skoða þau sérstaklega. Önnur verkefni sýna vinnuframlag lotunnar.

Málfræði og stafsetning

Byrjaðu á því að skoða hversu mörg verkefni nemandi hefur unnið. Mundu að stílabókin er hluti af málfræðinni. Finndu út einkunn sem er hlutfall unninna verkefna. Hafi nemandi unnið t.d. 16 verkefni af 32 byrjar hann með einkunnina 5 þar sem aðeins helmingur verkefna er unninn. Næst skaltu fara yfir þau verkefni sem þú hefur valið að skoða sérstaklega. Þar geta kassaverkefnin (þau sem eru römmuð inn í verkefnabókinni) orðið fyrir valinu en láttu þó áherslurnar í þinni kennslu ráða því hvaða verkefni þú velur. Ef nemandi hefur mjög margar villur og fær að meðaltali ekki nema 5 fyrir verkefnin þá lækkar hann niður í 2,5 þar sem hann hefur aðeins helming unninna verkefna rétt. Hafi nemandi hins vegar unnið verkefnin það vel að nánast engar villur eru í þeim á hann skilið að vera nær einkunninni 5.

Nemandi sem vinnur öll verkefni en hefur sama villuhlutfall í þeim og sá sem talað er um hér að ofan, þ.e. aðeins helmingur verkefna er rétt unnin, fær einkunnina 5.

Einkunn nemanda endurspeglast af vinnuframlagi hans og færni.

Ritun

Eðlilegt er að fara yfir einhverja ritun í hverri lotu en óþarfi er að lesa allar ef um mörg þau verkefni eru mörg. Þegar ritun er metin er tvennt sem þarf að hafa í huga. Annars vegar að orða hvað nemandi hefur gert jákvætt og hins vegar benda á hvað betur megi fara. Láttu síðan hlutfallið þar á milli ráða einkunn. Það getur því verið mismunandi frá lotu til lotu hvernig farið er yfir, allt út frá þeim áherslum sem lagðar eru í hvert sinn. Ef t.d. hefur verið lögð mikil áhersla á byggingu þarf hún að hafa meira vægi en annað. Nemandinn þarf að sjá að það sem hann er að læra í það og það skiptið skiptir máli. Gátulistar sem sýna hvað skoðað hefur verið geta verið gagnlegir fyrir nemendur og kennara.

Nemandi sem gerir afleitan texta á frekar að fá ábendingar um hvað hann geti gert betur næst og benda þá á eitt til tvö atriði. Matið á ritun verður því mjög einstaklingsmiðað.

Bókmenntir

Bókmenntaverkefni eru margvísleg og yfirferðin getur því verið svipuð og í málfræði og stafsetningu en einnig eins og í rituninni. Að auki eru verkefni oft með skapandi þáttum sem erfiðara er að meta. Allt fer þetta eftir eðli verkefnanna.

Framsögn og tjáning

Almennt er ekki gefið fyrir framsögnina en gefa mætti munnlega fyrir í lokin.

Leiðbeiningarnar hér að framan eru leiðbeinandi en eiga ekki að stjórna yfirferð. Nauðsynlegt er að kennari finni þá aðferð sem hentar honum, hvort sem viðmiðin hér að ofan eru notuð eða ekki. Aðalatriðið er að vera samkvæmur sjálfum sér og sanngjarn. Betra er að skoða fátt vel en margt illa.

